

solidum kr. 4.050.000. Vaxtakrafa stefnanda er tekin til greina af dæmdri fjárhæð.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda kr. 700.000 í málskostnað.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan. Dómarinn fékk málið ekki til meðferðar fyrr en í maí sl.

Dómsorð:

Stefndu, Reimar Þorleifsson, Dóropea G. Reimarsdóttir og Hagtrygging h/f, greiði in solidum stefnanda, Sigurði K. Björnssyni, kr. 4.050.000 með 9% ársvöxtum frá 4. maí 1974 til 15. júlí s. á., með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 700.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að teja að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 17. mars 1981.

Nr. 112/1979. Bragi Sigurjónsson og
Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Óskari Sumarliðasyni
og gagnsök
(Helgi V. Jónsson).

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 12. júní 1979. Krefjast þeir aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýj-

anda, en til vara, að „sök verði skipt í málinu og kröfur gagnáfrýjanda aðeins teknar til greina að hluta“. Í báðum tilvikum krefjast þeir málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1979. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér óskipt 7.503.81 krónu með 16% ársvöxtum af 6.096.81 krónu frá 15. desember 1977 til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 28. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum af 7.503.01 krónu frá þeim degi til 17. apríl 1978 og með dómvöxtum af sömu upphæð frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér óskipt 7.207.00 krónur með 16% ársvöxtum af 5.800.00 krónum frá 15. desember 1977 til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 28. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum af 7.207.00 krónum frá þeim degi til 17. apríl 1978 og með dómvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags, allt gegn afsali á bifreiðinni R 54089.

Til þrautavara krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér óskipt 5.507.00 krónur með 16% ársvöxtum af 4.100.00 krónum frá 15. desember 1977 til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 28. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum af 5.507.00 krónum frá þeim degi til 17. apríl 1978 og með dómvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Í öllum tilvikum krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda.

I.

Fallast má á það með skírskotun til forsendna héraðsdóms, að báðir ökumennirnir eigi nokkra sök á árekstri þeim, sem um er fjallað í málinu. Þegar gætt er atvika allra og það virt, að ekki er hnekkð þeirri staðhæfingu gagnáfrýjanda, að öku ljós hafi logað á bifreið hans, þykir rétt að skipta sök þannig, að gagnáfrýjandi fái bætta 2/3 hluta tjóns síns úr hendi aðaláfrýjenda.

II.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að ekki hefur verið gert við bifreið gagnáfrýjanda, heldur keypti hann aðra í hennar stað í febrúar 1978. Með hliðsjón af þessu og mati hinna dómkvöddu manna, sem veitir vísbendingu um, að ekki hafi svarað kostnaði að gera við bifreiðina, þykir gagnáfrýjandi ekki geta krafist þess, að aðaláfrýjendur bæti honum viðgerðarkostnað samkvæmt matinu. Hann á hins vegar rétt á, að bætur til hans verði miðaðar við það, hvað sambærileg bifreið hefði kostað hann, en að frádregnu verðmæti flaksins, sem telja verður, að hafi numið 170.000 krónum. Því er ekki sérstaklega haldið fram af gagnáfrýjanda, að hann hafi ekki mátt afla sér sambærilegrar bifreiðar fyrir matsverð hinnar skemmdu. Verður því tjón hans að þessu leyti ákveðið 5.800.00 krónur (nýkr.), en að frádregnum 1.700.00 krónum (nýkr.) eða 4.100.00 krónum (nýkr.).

Fallast má á, að gagnáfrýjandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni vegna þess, að hann var án bifreiðar um hríð. Þykir það hæfilega ákveðið í héraðsdómi.

Samkvæmt þessu telst tjón gagnáfrýjanda nema 4.730.00 krónum (nýkr.), (4.100.00 + 630.00). Ber aðaláfrýjendum að bæta gagnáfrýjanda óskipt 2/3 hluta þess, eða 3.153.33 krónur (nýkr.).

Lög nr. 56/1979 um dómvexti höfðu tekið gildi, þegar gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu. Hann gerði í áfrýjunarstefnu sömu dómkröfur varðandi vexti af bótafé og hann hafði gert fyrir héraðsdómi. Eru ekki skilyrði til að leyfa honum að hækka vaxtakröfu sína vegna vaxtabreytinga, sem höfðu tekið gildi fyrir áfrýjun málsins. Verða dómvextir því ekki dæmdir frá fyrri tíma en 1. september 1979. Samkvæmt þessu verða vextir af dæmdri fjárhæð ákveðnir þannig, en upphafstímamarki vaxtakröfunnar hefur ekki verið andmælt: 16% ársvextir af 2.733.33 krónum frá 15. desember 1977 til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 28. s. m., en af 3.153.33 krónum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvextir frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5%

árvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% árvextir frá þeim degi til 1. mars 1981 og 42% árvextir frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan hæstu innlánsvextir frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals 4.500.00 krónur (nýkr.).

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjendur, Bragi Sigurjónsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Óskari Sumarliðasyni, 3.153.33 krónur með 16% árvöxtum af 2.733.33 krónum frá 15. desember 1977 til 21. febrúar 1978, 19% árvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 28. s. m., en af 3.153.33 krónum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% árvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% árvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% árvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% árvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981 og 42% árvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Aðaláfrýjendur greiði óskipt gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 4.500 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

I.

Tjón það, sem mál þetta fjallar um, hlaust af því, að bifreið aðaláfrýjanda Braga Sigurjónssonar, Y 585, var ekið á kyrrstæða bifreið gagnáfrýjanda, R 54089, þar sem hin

siðargreinda hafði verið stöðvuð örstutta stund við vegarbrún. Leggja verður til grundvallar, að ljós hafi verið tendruð á ljóskerjum hinnar kyrrstæðu bifreiðar, svo sem gert er í atkvæði meiri hluta dómenda. Ástæða hinnar tímabundnu stöðvunar var bilun í bifreiðinni sjálfri, sem gerði hana óökuhæfa. Óforsvaranlegt hefði verið að halda áfram akstri bifreiðarinnar í þeirri færð og því veðri, sem upplýst verður að telja, að hafi verið, er árekstur varð, án hreinsibúnaðar á framrúðu þeim megin, sem stjórnþæki bifreiðar voru. Fljót-virkasta leiðin til þess að bæta úr því hættuástandi, sem skapaðist, þegar rúðupurrka losnaði og féll af bifreiðinni, var að finna hana og koma henni á sinn stað. Það var gagn-áfrýjandi að gera, þegar hann stöðvaði bifreið sína við vegarbrún örstutta stund með þeim aðvörunarmerkjum (ljósum), sem tiltæk voru.

Af mjög ófullkominni lögreglurannsókn eða öðru, sem fram komið er í málinu, verður ekki ráðið með vissu, hvort malarkantur meðfram malbikaðri akbraut hafi verið not-hæfur til þess að stöðva bifreið gagnáfrýjanda á, en kantur-inn virðist eftir uppdrætti eins meters breiður. Hann er hins vegar í raun misbreiður og skörðóttur eftir vatnsrennsli af akbraut. Í framburði ökumanns bifreiðarinnar Y 585 segir m. a.: „ . . . en það er bara ekki svo gott að leggja þarna nema vera aðeins inn á malbikinu“. Ég tel ekki, að gagn-áfrýjandi, ökumaður og eigandi hinnar kyrrstæðu bifreiðar, þurfi að sanna, að hann hafi engan möguleika haft til þess að koma bifreið sinni fyrir með öðrum hætti en hann gerði, heldur sé það aðaláfrýjanda að sanna, að honum hefðu verið aðrir möguleikar tiltækir, þ. m. t. stöðvun utan vegar. Það tel ég aðaláfrýjendur ekki hafa gert. Ég tel í niðurstöðu héraðsdóms of mikla hliðsjón hafða af því, hvernig standa eigi að því að leggja bifreið samkvæmt 2. mgr. 51. gr. umferðarlaga, þ. e. a. s. utan vegar, ef aðstæður leyfa. Hér var ekki um lagningu bifreiðar að ræða, heldur aðeins stöðvun um örstutta stund af neyðarástæðum með þeim aðvörunarmerkjum, sem tiltæk voru, svo sem að framan greinir. Vegur er 14 metra breiður. Hann er fullupplýstur með ljós-

kerjum báðum megin vegar. Vegur þessi er þannig lagður, að á honum eru engar hæðarbrúnir, sem takmarka útsýni í nánd framundan.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, og með hliðsjón af öðrum ákvæðum umferðarlaga en hinni tilvitnuðu 1. mgr. 51. gr., sem ég tel ekki eiga við í þessu tilviki, tel ég einsýnt, að gagnáfrýjanda verði á engan hátt lögð til lasts hegðun hans á undan ákeyrslu þeirri, sem mál þetta fjallar um, og komi því ekki til skiptingar sakar samkvæmt 68. gr. umferðarlaga, heldur eigi öll sök á ákeyrslunni að falla á ökumann bifreiðarinnar Y 585.

II.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um heildartjón gagnáfrýjanda vegna eyðileggingar bifreiðarinnar R 54089, 5.800.00 krónur. Ég tel, að þá fjárhæð eigi að dæma aðaláfrýjendur til þess að greiða óskipt til gagnáfrýjanda, enda hirði aðaláfrýjendur flak bifreiðarinnar. Eru engin efni til þess að draga hið metna verðmæti flaksins frá bótagreiðslum til gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi missti afnot bifreiðar sinnar, sem hann notaði við atvinnurekstur sinn. Tímabilið frá tjónsdegi til 8. febrúar 1978 fór í viðræður við forráðamenn aðaláfrýjanda, Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, um bótakröfu gagnáfrýjanda, en af hans hálfu var óskað eftir viðgerð á bifreiðinni. Það er fyrst við móttöku bréfs Sjóváttryggingarfélags Íslands h/f frá 8. febrúar 1978 sem gagnáfrýjanda verður ljóst, að hann fær ekki greidda viðgerð á bifreiðinni. Ætla má honum eina viku til þess að útvega sér aðra bifreið. Er því eðlilegt, að hann fái bætt afnotatjón í 60 daga. Daggjald 2.100 gkrónur er hóflega reiknað, og ber að taka kröfu gagnáfrýjanda um það til greina. Verða bætur fyrir þennan þátt því 1.260.00 krónur (126.000 gkrónur).

III.

Samkvæmt framangreindu tel ég rétt að dæma aðaláfrýjendur óskipt til að greiða gagnáfrýjanda 7.060.00 krónur

samtals í bætur fyrir bifreiðina R 54089 og afnotamissi hennar, enda haldi aðaláfrýjendur flaki bifreiðarinnar.

Um vaxtafót og vaxtatímabil er ég sammála meiri hluta dómenda þannig, að vextir reiknist af 5.800.00 krónum (580.000 gkrónum) frá 15. desember 1977, en af 7.060.00 krónum (706.000 gkrónum) frá 28. febrúar 1978.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma aðaláfrýjendur óskipt til þess að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem mér þykir hæfilega ákveðinn samtals 5.500.00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. maí 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. þ. m., hefur Óskar Sumarliðason, Hlaðbæ 8 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 17. apríl 1978, á hendur Braga Sigurjónssyni, Birkigrund 63, Kópavogi, einkaeiganda bifreiðaverkstæðisins Kambs, Hafnarbraut 10, Kópavogi, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. Eru dómkröfur stefnanda þær aðallega, að stefndu verði dæmdir til að greiða in solidum kr. 750.381 með 16% ársvöxtum af kr. 609.681 frá 15. desember 1977 til 21. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 28. s. m., en með 19% ársvöxtum af kr. 750.381 frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, þar með talinn matskostnaður, kr. 45.700. Til vara krefst stefnandi, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða kr. 720.700 með 16% ársvöxtum af kr. 580.000 frá 15. desember 1977 til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 28. s. m. og með 19% ársvöxtum af kr. 720.700 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar, eins og krafist er í aðalkröfu. Til þrautavara krefst stefnandi, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða kr. 550.700 með 16% ársvöxtum af kr. 410.000 frá 15. desember 1977 til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 28. s. m., en með 19% ársvöxtum af kr. 550.700 frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar eins og í aðalkröfu.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda, en til vara, að sök verði skipt og stefnukröfur lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að klukkan rúmlega 17 fimmtudaginn 15.

desember 1977 varð árekstur í Ártúnsbrekku á Vesturlandsvegi milli bifreiðanna Y 585 og R 54089. Lögreglumenn voru kvaddir á vettvang. Tóku þeir frumskýrslur af öikumönnum á vettvangi og gerðu uppdrátt af aðstæðum þar. Samkvæmt skýrslu lögreglumannanna varð áreksturinn með þeim hætti, að bifreiðinni Y 585 var ekið aftan á bifreiðina R 54089, sem var kyrrstæð og mannlau. Við höggið kastaðist R 54089 til norðurs út af veginum og stöðvaðist þar. Á R 54089 voru sjáanlegar skemmdir á vinstri afturhjólhlíf, afturgafli, höggvara og vinstri hlið. Á Y 585 voru sjáanlegar skemmdir á hægri framhjólhlíf og höggvara. Var R 54089 flutt brott með kranabifreið. Samkvæmt skýrslunni var myrkur og skýjað, er atburðurinn varð, en góð lýsing frá götumljósum. Færi var blautt, en vegurinn er þarna steypdur. Kvaðst ökumaður Y 585 hafa ekið vestur Vesturlandsveg á hægri akrein og ætlað áfram sömu leið. Hann hafi ekki séð R 54089, fyrr en hann hafi átt eftir mjög skammt að henni. Hafi hann þá hemlað, en ekki tekist að koma í veg fyrir áreksturinn.

Stefnandi kvaðst hafa stöðvað bifreið sína þarna við vegarbrúnina, skömmu áður en áreksturinn varð. Hann hafi ekið vestur Vesturlandsveg og verið staddur skammt austan við stað þann, er hann stöðvaði bifreiðina á, þegar rúðupurrkublað vinstra megin hafi losnað og fallið í götuna. Hafi hann því stöðvað bifreiðina, farið út úr henni og verið að leita að þurrkublaðinu, er áreksturinn varð.

Stefnandi hefur hér fyrir dómi staðfest efni skýrslu þeirrar, sem hann gaf fyrir lögreglunni á vettvangi. Einnig hefur hann skýrt svo frá, að atburðurinn hafi gerst í Ártúnsbrekkunni, miðri hábrekkunni. Rigningarúði og krapaél hafi verið og hafi verið búið að bera salt á veginn. Hafi hann séð fram á, að sér væri óleyfilegt að aka áfram við þessar aðstæður, þegar þurrkublaðið var dottið af. Því hafi hann ekið út að vegarbrún, slökkt á vél bifreiðarinnar og skilið hana eftir með öll ljós tendruð, einnig hægra stefnuljósið. Hann kveður bifreiðina ekki búna sérstökum neyðarljósum. Hann kveður búið hafa verið að yta snjó af veginum. Hann hafi stöðvað bifreiðina yst á steypu akbrautinni og hafi hann ekki getað komið henni utar vegna snjóruðnings, sem þar var. Hann hafi svo farið að leita að þurrkublaðinu. Nokkrar bifreiðar hafi þurft að komast fram hjá og hafi 8—10 bifreiðar farið fram hjá, á meðan hann stóð við bifreiðina. Hafi bifreiðin svo kastast út fyrir veginn við höggið, sem á hana kom, er bifreið stefnda var ekið aftan á hana.

Ökumaður Y 585, Árni Brynjar Bragason, sem er sonur eiganda hennar, stefnda Braga Sigurjónssonar, hefur hér fyrir dómi staðfest efni skýrslu þeirrar, sem hann gaf fyrir lögreglunni a vettvangi. Einnig hefur hann skýrt svo frá, að atburður þessi hafi gerst í miðri Ártúnsbrekkunni. Hann hafi verið að koma frá Geirlandi við Suðurlandsveg og ekið Vesturlandsveg til að komast suður í Kópavog. Él hafi nýlega gengið yfir og hafi rúðupurrkurnar á bifreið hans verið í gangi. Hann hafi ekið með lægri ökuljósinn tendruð og hafi ökuhraðinn verið um 50—60 km/klst. Hafi verið töluverð umferð bifreiða í sömu átt. Hann hafi svo séð bifreið stefnanda standa inni á hægri akreininni og hafi hann ekki séð betur en að hún væri ljóslaus. Hafi bifreiðin staðið það mikið inni á veginum, að hann hafi orðið að skipta um akrein til að komast fram hjá henni. Hann hafi ekki séð bifreiðina, fyrr en hann hafi verið kominn mjög nálægt henni, og hafi hann því aðeins verið búinn að beita hemlum í stuttan tíma, áður en áreksturinn varð.

Krafa stefnanda er byggð á því, að ökumaður Y 585 eigi alla sök á umræddum árekstri, er hann ók bifreiðinni af miklu afli aftan á bifreið stefnanda. Hljóti ökumaður Y 585 að hafa verið með hugann víðs fjarri akstri bifreiðarinnar og ekki sýnt þá aðgæslu, sem af honum mátti krefjast. Hann hafi ekki tekið eftir bifreið stefnanda, fyrr en hann hafi átt svo stutt eftir að henni, að hann hafi ekki getað komið í veg fyrir árekstur. Stefnandi hafi stöðvað bifreið sína yst við vegarbrúnina með fullum ljósum og hæggra stefnuljós tendrað, á meðan hann fór úr bifreiðinni til að leita að vinstra þurrkublaðinu, sem hafði losnað og dottið af. Hafi akstursskilyrði verið léleg, vegurinn blautur og saltborinn, því krapamyndun hafi verið, og hafi stefnandi ekki talið sér fært að aka áfram við þær aðstæður, nema rúðupurrkurnar á bifreið hans væru í lagi. Hafi stefnandi á allan hátt sýnt þá aðgæslu, sem af honum mátti krefjast. Verði hann því með engu móti sakaður um, að ökumaður Y 585 ók aftan á bifreið hans. Beri stefndu því óskipta fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, sem varð við atburð þennan, skv. 1. mgr. 69. gr. og 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga.

Sýknukrafa stefndu er byggð á því, að stefnandi eigi einn óskipta sök á umræddum árekstri með því að skilja bifreið sína eftir að nauðsynjalausu á fjölfarinni hraðbraut og stofna þannig til árekstrarhættu. Af vettvangsuppdrætti megi ráða, að bifreið stefnanda hafi öll staðið á hægri akrein vegarins og þannig

hindrað akstur bifreiðar stefnda eftir henni. Beri og að hafa í huga, að þarna sé brekka, sem geri öikumönnum, er aki til vesturs, erfitt að sjá kyrrstæða bifreið nægilega snemma. Hafi ekkert verið því til fyrirstöðu, að stefnandi færði bifreið sína út fyrir veginn, svo sem boðið sé í 51. gr. umferðarlaga. Með þessari háttsemi sinni hafi stefnandi einnig brotið ákvæði 37. gr. umferðarlaga og með því gerst frumvaldur að árekstrinum og eigi hann alla sök á honum. Sé ósannað, að ökumaður Y 585 eigi nokkra sök á árekstrinum. Hann hafi ekið á löglegum hraða og hafi ekki mátt vænta yfirgefinnar bifreiðar á akbrautinni. Við þær aðstæður, sem fyrir hendi voru, hafi verið erfitt að sjá bifreið stefnanda nægilega snemma og gera sér grein fyrir því, að hún væri kyrrstæð. Er því haldið fram, að ljós þau, sem voru á bifreið stefnanda, hafi verið villandi, því bifreið með fullum ljósum gefi til kynna, að þar sé um að ræða bifreið í akstri, og hafi ökumaður Y 585 mátt ætla, að svo væri. Er því haldið fram, að stefnandi hafi átt að nota stöðuljós bifreiðar sinnar, er hann gekk frá henni í umrætt sinn. Er því mótmælt, að hægra stefnuljós bifreiðar stefnanda hafi verið tendrað.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefndu, er því haldið fram af þeirra hálfu, að tjón stefnanda geti ekki verið annað en mismunur á verðmæti bifreiðar hans fyrir og eftir áreksturinn samkvæmt mati hinna dómkvöddu matsmanna. Frekari kröfugerð stefnanda miðað við auðgun hans umfram rauntjón og það sé stefndu óskýlt að bæta samkvæmt reglum íslensks skaðabótaréttar. Af hálfu stefndu er kröfu stefnanda um bætur fyrir afnotamissi mótmælt, enda sé ekki fram komið, hvort stefnandi hafi beðið tjón vegna afnotamissis bifreiðarinnar. Ekki komi heldur fram, hve lengi hann hafi verið án afnota hennar eða hve há daggjöld hann reikni sér. Geti stefnandi engan veginn átt rétt á bótum fyrir afnotamissi í lengri tíma en tekið hafi að útvega aðra bifreið af svipaðri tegund, en það hafi ekki tekið eins langan tíma og stefnandi reikni afnotamissi. Þá er vaxtakröfu stefnanda mótmælt sem of hárr.

Dómarinn hefur kynnt sér aðstæður á þeim kafla Vesturlandsvegar, þar sem umræddur árekstur varð, en ekki er komið fram nákvæmlega, hvar það var.

Vesturlandsvegur, þar sem atburður þessi gerðist, mun vera einn fjölfarnasti vegarkafli á landinu. Er vegurinn þar byggður sem hraðbraut, með steypu slitlagi og fjórfaldri akbraut með tveimur akreinum í hvora átt. Er steypa slitlagið um 14 m breitt, en norðan við það, þ. e. á hægri hönd, þegar ekið er í vesturátt,

er malborin öxl, sem samkvæmt framlögðum uppdrætti er um 1 m á breidd. Er ágreiningslaust, að stefnandi hafi ekið í vesturátt og stöðvað bifreið sína nyrst, þ. e. yst til hægri á steypa yfirborði vegarins, og að bifreiðinni Y 585 hafi verið ekið nyrsta hluta vegarins í vesturátt. Af framburðum stefnanda og ökumanns Y 585 kemur fram, að gengið hafi á með eljum og hafi rúðuburrkur á báðum bifreiðunum verið í gangi. Það hefur ekki sætt andmælum af hálfu stefndu, að stefnandi hafi stöðvað bifreið sína þarna á veginum til að leita að vinstri þurrkuarmi bifreiðar sinnar, sem dottið hafi af. Það verður að telja, að stefnandi hafi átt að geta fært bifreið sína þannig, að hún stæði að nokkru úti á malarbornu öxlinni, enda er ósannað gegn andmælum þeim, sem fram hafa komið af hálfu stefndu, að það hafi ekki verið hægt vegna snjóruðnings. Verður að líta svo á, að með því að staðsetja bifreið sína þannig, áður en hann yfirgaf hana, hefði stefnandi getað dregið úr hættu á árekstri bifreiða, sem komu á eftir. Verður að telja, að stefnandi hafi átt að geta fært bifreiðina þennan stutta spöl án áhættu fyrir sig, þótt rúðuburrkan vinstra megin væri óvirk. Með því að skilja bifreið sína eftir á veginum, eins og hann hefur lýst, þykir stefnandi hafa brotið gegn ákvæði 1. mgr. 51. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Á hann því sök á umræddum árekstri og ber ábyrgð á tjóni, sem af honum hlaut skv. ákvæðum 68. gr. og 69. gr. umferðarlaga.

Ökumaður Y 585 hefur borið, að hann hafi ekið á um 50—60 km hraða á klst. og ekið með lægri ljósin tendruð. Hann hafi svo ekki orðið bifreiðar stefnanda var, fyrr en hann var kominn svo nærri henni, að ekki varð komið í veg fyrir árekstur, og hafi hann aðeins getað beitt hemlum lítillega. Það verður að telja fram komið, að við þau veðurskilyrði, sem þarna voru, hafi ökumaður Y 585 ekið of hratt miðað við aðstæður og brotið gegn ákvæðum 1. mgr., 2. mgr. og b lið 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og eigi hann því einnig sök á árekstrinum. Með hliðsjón af öllum atvikum verða ökumenn bifreiðanna taldir eiga jafna sök á árekstrinum. Samkvæmt því ber stefndi Bragi sem eigandi bifreiðarinnar Y 585 fébótaábyrgð skv. 68. gr. og 69. gr. umferðarlaga á tjóni stefnanda að hálfu, en helming tjónsins ber stefnandi sjálfur.

Stefnandi leitaði á sínum tíma til Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f sem ábyrgðartryggjanda bifreiðarinnar Y 585 um uppgjör tjónbóta og gerði kröfu til að fá tjón sitt bætt að fullu. Í svarbréfi félagsins 8. febrúar 1978 var fallist á að bæta tjón stefn-

anda að hálfu. Ekki mun stefnandi hafa sætt sig við uppgjör tjónsins á þeim grundvelli. Ekki hefur heldur ótvírætt komið fram, hvernig félagið hugðist bæta tjónið, þ. e. með greiðslu viðgerðarkostnaðar eða með öðrum hætti.

Að beiðni stefnanda voru á bæjarþingi Reykjavíkur dómkvaddir tveir menn til að meta verðmæti bifreiðarinnar fyrir tjón það, sem á henni varð, meta kostnað við að lagfæra hana eftir tjónið og til að meta verðmæti hennar miðað við ástand hennar eftir áreksturinn. Niðurstöður matsgerðar matsmannanna, Gísla Guðmundssonar bifreiðasmiðameistara og Finnboga Eyjólfsssonar bifvélavirkjameistara, eru þessar:

- „I. Verðmæti bifreiðarinnar fyrir tjón það, sem á henni varð þann 15. desember 1977, teljum við hafa verið, miðað við staðgreiðslu, kr. 580.000.00.
- II. Kostnaður við að lagfæra bifreiðina eftir umrætt tjón teljum við, að sé kr. 609.681.00.
- III. Verðmæti bifreiðarinnar í núverandi ástandi, miðað við staðgreiðslu, teljum við vera kr. 170.000.00.“

Aðalkrafa stefnanda er byggð á því, að stefnandi fái að fullu bættan viðgerðarkostnað bifreiðarinnar samkvæmt mati matsmannanna. Varakrafa stefnanda er byggð á því, að hann fái greitt sannvirði bifreiðarinnar fyrir tjónið samkvæmt matinu, enda verði stefndu þá eigendur bifreiðarflaksins. Þrautavarakrafa stefnanda er byggð á því, að stefnandi fái bættan mismun á verðmæti bifreiðarinnar fyrir tjónið og eftir tjónið samkvæmt mati matsmannanna. Krafa stefnanda um bætur fyrir afnotamissi er byggð á því, að hann eigi rétt á bótum þessum frá tjónsdegi og þar til hann keypti sér aðra bifreið.

Mótmæli stefndu gegn fjárhæðum dómkrafna stefnanda hafa áður verið rakin.

Líta verður svo á, að stefnandi eigi rétt á að fá tjón sitt bætt á grundvelli viðgerðarkostnaðar í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna. Hér fyrir dómi hafa matsmennirnir lýst því, að miðað við aldur bifreiðarinnar og annað telji þeir verðmæti hennar að viðgerð lokinni sem næst því vera óbreytt frá því, sem það var fyrir tjónið. Samkvæmt því verður viðgerðarkostnaðurinn samkvæmt matsgerð matsmannanna, kr. 609.681, lagður til grundvallar tjóni stefnanda. Í matsgerð sinni gera matsmennirnir ráð fyrir, að vegna viðgerðarinnar sé bifreiðin á verkstæði í 30 daga. Með hliðsjón af því þykja bætur fyrir afnotamissi bifreiðarinnar hæfilega ákveðnar kr. 63.000.

Hefur ekki verið vefengt, að stefndi Bragi beri eigandaábyrgð á bifreiðinni Y 585.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, nemur heildartjón stefnanda kr. 672.681, og ber stefnda Braga og stefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f sem ábyrgðartryggjanda bifreiðarinnar Y 585, sbr. 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga, að greiða helming þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 336.340.50 óskipt. Einnig verður stefndu gert að greiða stefnanda óskipt vexti af þeirri fjárhæð, og ákveðast þeir með hliðsjón af kröfugerð stefnanda 16% ársvextir af kr. 304.840.50 frá 15. desember 1977 til 14. janúar 1978 og af kr. 336.340.50 frá þeim degi til 21. febrúar s. á. og með 19% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum verður stefndu gert að greiða stefnanda óskipt málskostnað, og ákveðst hann kr. 200.000, þar með talinn matskostnaður, kr. 45.700, sem ekki hefur sætt tölulegum andmælum.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Bragi Sigurjónsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði stefnanda, Óskari Sumarliðasyni, óskipt kr. 336.340.50 með 16% ársvöxtum af kr. 304.840.50 frá 15. desember 1977 til 14. janúar 1978 og af kr. 336.340.50 frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og kr. 200.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 17. mars 1981.

Nr. 159/1979. **Ræktunarsamband Mýramanna**
(Sigurður Helgason hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Skúli Pálsson hrl.).

Skattamál. Lögtak.